

08-03-88

(  
Starfsskýrsla

Skógarvarðarins á Suðurlandi  
1987

(  
Böðvar Guðmundsson.

Efnisyfirlit:

Bls.	1.	Veðurfar ársins.	1. 0
-	2.	Vöxtur og þrif trjágróðurs.	2. 0
		Laufgun	2. 1
		Vöxtur	2. 2
		Fræfall	2. 3
		Skaðar	2. 4
-	4.	Starfssfólk	3. 0
-	6.	Girðingar	4. 0
-	7.	Skógarhögg	5. 0
		Viður	5. 1
		Jólatré	5. 2
-	10.	Grisjun	5. 3
		Hnausaplöntur	5. 4
-	10.	Gróðursetning	6. 0
-	13.	Hirðing plantna	7. 0
-	14.	Vélar og verkfári	8. 0
-	15.	Byggingar	9. 0
-	15.	Ymislegt	10. 0
-	17.	Fréttatilkynning um Mosfell.	

## I. Væðurfar ársins.

### Tíðarfarsyfirlit.

Veturinn var óvenju mildur frá áramótum, en úrfellasamt í febrúar. 21. febrúar maldist sólahringssúrkoman 56 mm. á Hæli í Hreppum.

Um miðjan mars kólnaði verulega. Hitinn í apríl var 0,7 gráðum undir meðallagi 1931 - 1960 á Hæli. Veturinn var nær snjólaus frá áramótum.

3. maí tók að hlyna og var mánuðurinn í meðallagi hlýr. Síðast varð litilsháttar naturfrost 19. maí. 21 -27 maí varð hámarks hitinn alla dagana nálagt 20 gráðum.

Mjög purrt var í maí, og júní varð enn purrari. Komu aðeins tvær góðar skúrir allan mánuðinn í Haukadal, var það 2. og 3. júní. Á Hæli var júní sá purrasti síðan 1964 (úrkoma aðeins 12 mm.). Hitinn í júní varð u.p.b. jafn meðaltali 1931-1960.

Burkarnir héldu áfram til 15. júlí. Þá rigndi mikil í Haukadal. 20. júlí kom annar góður rigningardagur. Rigndi síðan af og til það sem eftir lifði mánaðarins. Í heild varð úrkoman nálagt meðallagi í júlí, en hitinn 0,6 gráðum undir meðallagi 31-60. Agústmánuður var 0,2 gráðum hlýrri en meðaltal, en fremur purr. Framan af september var nokkuð hlýtt, en kólnaði um miðjan mánuðinn. Aðeins var vart við naturfrost 24. sept, en mjög vægt -1 --2 gráður. Síðan var frostlaust til 6. okt. Annars var oktober fremur kaldur og meista frost -9 gráður 7. okt.

Nóvember og desember voru óvenju mildir, nánast alltaf rigning og boka og frost afar sjaldgæf þó einstaka sinnum gerði naturfrost.

Arið í heild það mildasta og besta sem elstu sveitakarlar munu, en það er nú ekki mjög langt aftur.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1. Laufgun

Laufgun varð óvenjusnemma 1987 vegna mjög hlyse vors.  
Birkikjarr í uppsveitum. laufgun lauffall 4/lo  
Birki Bæjarat í uppsv. laufgun 30/5 lauffall 1o/lo  
Lerki Hakaskoja Haukad. laufgun lauffall 1o/lo

Hér er talað um laufgun samkvæmt kerfi Rannsóknarstöðvarinnar á Mögilsá.

### 2.2. Vöxtur.

Haukadalur: Vöxtur yfir meðallagi á flestum tegundum nema Stafafuru, sem var með meðalvöxt.  
Öjöréárdalur: Sker sig nokkuð úr. Þar var vöxtur í Sitkagreni ekkert umfram meðallag, eins með furu. Lerki með vöxt yfir meðallagi.  
Kirkjubæjarklaustur; mjög góður vöxtur á Sitkagreni.

### 2.3. Fræfall.

Fræfall varð allnokkurt á birki en mjög svæðabundið. Safnað var töluverðu af birkifræi á Suðurlandi. Voru þar að verkni skólarakkar svo og einstaklingar að aeggjan Skógræktaðar Ríkisins og Landgræðslunrar, en hugmyndin er að dreifa birkifræi í landgræðslugirðingar. Stætti hópurinn sem safnaði að frumkvæði D Si voru 250 krakkar úr Fjölbraudarskóla Suðurlands, en þau fóru einn dag inn í Þórmork og söfnuðu birkifræi í Básum og á aurunum fyrir framan Bása.

### 2.4. Skaðar.

2.4.1. Í júní komu í ljós töluverðir skaðar á Ósp á Selfossi og viðar. Toppar 2-3 metrar og einstöku stórar greinar višnuðu eftir eðlilega laufgun og vessaði úr berki. Syni voru tekin og send til Noregs til rannsóknar. Niðurstaða: Kal á trjáhlutum. Orsakir: sennilega hlyviðrakafli í febrúar 1987. Aðgerðir: Engar nema að nema brott skaðaða hluta trjánna. Einstöku litill tré varð að höggva alveg.

2.4.2. Skordýraskaðar. Mikil bar á Sitkajós á Suðurlandi á haustmánuðum, enda veður einnuma gott allt árið. Nánast engin frost fyrr en um jól. Einstaka tré fóru mjög illa á Selfossi. Fregnir af lús á Tumastöðum, Skógum, Klaustri, Hörgslandi á Siðu o.fl. stöðum. Aðgerðir: reynt var að sprauta á Selfossi og á Klaustri en veður nánast of votviðrasamt til að það heppnaðist vel. Frost síðustu daga ársins bjorguðu miklu.

#### 2.4.3. Kóngulingur

Kóngulingur hefur fundist á tveim stöðum á Suðurlandi svo vitað sé. Í Stórhenda í Þórsmörk (86) og vestast í miðhlíðinni í Haukadal (87). Reynt verður að sprauta þetta í vor.

#### 2.4.4. Plöntuskaðar

Nokkuð misfórst af ógróðursettum plöntum í vor, bæði í Þjórsárdal og Haukadal. Nokkuð magn af Sitkagreni, Sitkabast, Lerkí og Stafafuru var keyrt frá Grundarholi á áðurnefnda staði í nóvember og geymt úti um veturinn. Þegar til átti dað teka um vorið við gróðursetningu kom í ljós að megnið af Stafafurunni (kvæmi Wedeslborg) og nokkuð af Lerkinu (kvæmi ) lífnaði ekki. Við athugun Jóns G. Ottósonar kom í ljós að plönturnar höfðu orðið fyrir rótarkali. Ekki sá á grenitegundunum.

#### 2.4.5. Annað.

Mjög hlyg og rök haustveðrátta olli því að ösp og víðir og ýmsar smárunnategundir tóku að hreyfa sig síðla hausts. Brum aspar varð klístrað eins og á vorin fyrir laufgun. Hvort betta veldur einhverju kali næsta vor verður reynslan að skera úr um.

### J. Starfssfólk.

Alls komust 22 á launaskrá 1987 auk Helga Þorðarssonar sem vann að frágangi starfsmannahússins í Þjórsárdal frá þáskum og fram í júní. Bergur Björnsson var með honum allan tímann auk Sigvalda Ásgeirssonar sem kokkaði í þá kaumpána.

Nöfn starfssfólkis:

Heimili:

1. Böðvar Guðmundsson	Selfossi
2. Sigvaldi Ásgeirsson	Haukadal
3. Arni Eiríksson	Eyrarbakka
4. Björgvin Eggertsson	Garðabæ
5. Jóhannes H. Sigurðsson	Gnúpverjahreppur
6. Samson Harðarson	Reykjavík
7. Þorsteinn Magnússon	Selfossi
8. Benedikt Blöndal	Hallormstað
9. Guðmundur Björnsson	Gnúpverjahreppur
10. Bergur Þ. Björnsson	Gnúpverjahreppur
11. Jónas S. Þórísson	Biskupstungur
12. Arnar I. Harðarson	Biskupstungur
13. Guðbjörg Gunnarsdóttir	Selfossi
14. Greipur Sigurðsson	Biskupstungur
15. Heimir Hoffritch	Selfossi
16. Jóhann Björnsson	Gnúpverjahreppur
17. Sigurður G. Ásgeirsson	Reykjavík
18. Þórey Jónasdóttir	Biskupstungur
19. Þorsteinn G. Þorsteinsson	Selfossi
20. Magnús Bjarnadóttir	Selfossi
21. Móeiður Helgadóttir	Selfossi
22. Hreinn Ókarsson	Selfossi

nr:	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D	12 mánu.
1.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	12 —
2.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	12 —
3.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	12 —
4.					x	x	x	x	x	x	x	x	8 —
5.					x	x	x	x					4 —
6.									x	x			2 —
7.					x	x	x	x					4 —
8.						x							1 —
9.					x	x			x	x	x		5 —
10.			x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	9 —
11.										x			1 —
12.					x	x							2 —
13.					x	x							2 —
14.									x				1 —
15.					x	x	x	x					4 —
16.					x	x							2 —
17.									x				1 —
18.									x	x			2 —
19.					x	x	x	x					4 —

nr:	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D	
20.				X	X			X	X				4 mánuð.
21						X	X						2 --
22.													1 --

3 3 3 4 14 14 10 11 6 6 10 7 Alls á launaskrá í mánuðum. (akki endilega um heila mánuði að ræða).

Eftir búsetu skiptist starfsemiðið þannig:

Selvfüssingar	9
Tungnamenn	5
Þnúpverjar	4
Reykvikinger	2
Eyrbekkingar	1
Garðbaingar	1
Sunnmyllingar	1

Launagreiðslur á árinu 1987 voru:

Festir starfsmenn: kr.

Ráðskonur: kr.

Lausráðið fólk: kr.

Alls voru unnir 1 mannmánuðir á klukkustundir:

## 4. Girðingar.

### 4.1. Viðhald:

4.1.1. Þjórsárdalur: Viðhald eins og venjulega. Nytt ristarihlíð sett i Reykholtshlíð. Afréttarfélag Flóa og Skaiða kostaði hliðið en við sáum um niðursetningu þess. Þetta var mjög þörf framkvæmd því mikil umferð er um þetta hlið í sambandi við vikurnám og hliðið oft skilið eftir opis.

4.1.2. Skarfanes: Samkvæmt samningi við Landgræðslu Ríkisins var endurgirt gömul girðing sem að hluta til girðair land Ósgraðar og að hluta til er á landi Skarfanes. Þannig tókst á ódyran hátt að loka af megninu af gróðurtorfum í landi Skarfanes. Girðingin sem er utan um þeitahólfið í Skarfaneslandi og notuð hefur verið af ábúendum Stóra-Klofa í Landsveit fram að þessu var löngu örðin ónýt. Beitarhólfið er hér með aflagt, enda enginn skriflegur samningur um það til svo vitað sé.

4.1.3. Þórsmörk. Viðhald eins og venjulega. Að haustmánuðum girti Landgræðsla Ríkisins girðingu frá Jökullóninu niður í Markarfljót. Girðingin að loka af ailt land þar fyrir innan fyrir beit, en það eru afréttirnir Stakkholt, Steinsholt, Goðaland og Almenningar. Gamla skógræktargirðingin er að sjálfsögðu þar innani. Samningum við bændur er að vísu ekki lokið ennþá svo verið getur að við burfum að halda við framkanti Þórsmerkurgirðingarnar einhvern tím að meðan, bændur burfa e.t.v. einhværn aðlögunartíma að myjum aðstaðum. Stefnt er að því að ekki verði rekis á Almenninga þó rekis verði á afréttina framan skógræktargirðingarnar í Þórsmörk.

### 4.1.4. Aðrir staðir:

Laugarvatn, Hrauntún, Hlíðargirðing, Klaustur: viðhald eins og venjulega.

Almennt má segja um girðingarnar að viðhald hafi verið lítið eftir snjólféttan vetur.

## 5. Skógarhöggi

### 5.1. Viður.

A haustmánuðum var sagaður upp í eldivið stafli sem grisjaður hafði verið í Haukadal sumarið áður. Fenguð var um 400 þokar.

### 5.2. Jólatré.

Jólatrjáahögg höfst fyrir alvöru 1. nóv. Var þó búið áður að fara í Skarfanes og Þjórsárdal og höggva svolitið af furu og fjallabini, ells um 100 tré. Þar fyrir utan var eingöngu höggvið í Haukadal. Höggvin voru 2939 rauðgræni og 1643 stafafurur euk 33 fjallapina. Höggis gekk með afbrygðum vel og má þakka það góðri tíð. Frost kom ekki meðan á höggi stóð og snjór var aðeins 2 daga á jörðu. Kom betta grænilega fram í færri brotnum trjám en venjulega, en það sem hefur gengið úr höggnum trjám sem skemmd og brotin hefur á undanförnum árum oft farið upp í 8 - 10 %.

Töluvort var gert af bvi samhliða högginu að höggva fyrir brautum inn í jólatrjáagróðursetningarnar svo minna þyrfti að draga trén á hondunum. Flytti þetta allmikið fyrir og létti stritinu af mannskapnum.

I starðir og tegundir skiptast seld tré þannig:

STÆRÐARFLOKKAR	RAUDGRENI	STAFAFURA	ÞINUR	Samt:
0,70 - 1,00	332	287	1	620
1,00 - 1,25	694	435	8	1.137
1,25 - 1,50	634	455	10	1.299
1,50 - 1,75	559	313	4	870
1,75 - 2,00	271	105	6	382
2,00 - 2,50	143	37	0	180
2,50 - 3,00	67	11	4	82
3,00 - 4,00	21	0	0	21
4,00 - 5,00	17	0	0	17
5,00 - 6,00	5	0	0	5
6,00 - 7,00	2	0	0	2
	2.939	1.643	33	4.615

Hér eru aðeins tekin með tré sem seld voru til endurseljenda en ekki þau tré sem seld voru í smásölu þeint frá ökkur. Eru þau ca 30.

Miðað við 1987 seldum við af Suðurlandi 82 trjám miðuna 1988.

	1988	1987	
Rauðgræni	2.939	3.902	- 963 tré
Stafafura	1.643	770	+ 873 -
Fjallabínur	33	25	+ 8
	4.615	4.697	- 82

Minnkun í sölu jólatrjáa varð ekki meiri en raun ber vitni vegna þess að við gátum höggið meira af furu en áður. Salan í rauðgreni minnkæði um u.þ.b. 33% en söluaukning í furu náði hérumbil að dökka tapið í rauðgreninu. Söluaukning í furu milli ára er um 113 %.

Hér á eftir fylgir tafla um seld jólatré og dreifingu þeirra til söluaðila.

Seld jólatré:	Suðurland	Réykjavíkursvæðið
Rauðgreni	316	2.423
Stafafura	175	1.468
Fjallabkinur	29	4
	520	4.095
		4.615

Kostnaður við högg 1987:

Laun lausráðinna	326.062
S. A. laun	160.000
B. G. laun	80.000
Fæðiskostnaður	90.000
Vélar	10.000
Flutningur 1200 km.	28.080
	704.142

Samtals tekjur af sölu jólatrjáa kr. 2.913.000  
Kostnaður við höggið er því 24,2% af tekjum.

### 5.3. Grisjun.

Haukadalur: Grisjað fyrir gróðursetningu ca. 1,5 ha (R 3083) vestan Brennigils skammt ofan Brennigilsbrúar.

Rutt var kjarr úr vegastæðinu fyrir Laugárveginn á ca 1 kr kafla, svo og úr vegastæðinu upp úr gryfjunni í Kolabrekum. (sjá 8.5).

Rutt var fyrir brautum í ymsum jólatríðareitum til að auðvelda högg og útdrátt.

### 5.4. Hnausaplöntur:

Haukadalur: 50 Bergfurur af plögstrengjum.

Pjórsárdalur: Selt á fáti Stafafura, Sitkagreni og Lerki fyrir rúmar 400.000 kr.

### 6. Gróðursetning.

6.1. Gróðursetning í Pjórsárdal: Gróðursetning hófst 26 maí og var lokið á hálfum mánuði. Nokkuð var plantað af móbandsplöntum síðast í júlí.

Sib.Lerki	Altai	2/1m	c057-4	10.600	R2760	6.660 ✓
					R1028	3.690 ✓
					R3020	250 ✓
Lerki	Austek	1/0p	c177	13.400	R2239	350 ✓
					R2126	1.280 ✓
					R2127	280 ✓
					R2154	280 ✓
					R2072	4.730 ✓
					R1945	600 ✓
					R2064	1.550 ✓
					R2045	1.000 ✓
					dauft	3.330 ✓
Rússalerki	Sonst	2/2m	c0124			
	Jönsb	2/3m	c069	950	R2204	950 ✓
Evr.Lerki	St.Morits	2/2m	c099	75	R2210	75 ✓
Evr.Lerki	Abula pass	2/2m	c102	56	R2210	56 ✓
Evr.Lerki	Tschierv	2/2m	c100	65	R2210	65 ✓
Rauðgreni	Brönnöy	2/5m	B801-0	300 ✓	R2073	300 ✓
Stafafura	Wedelsborg	1/0p	c964	3.000 ✓	R2239	1.270 ✓
					dauft	1.730 ✓
Sitkabast	Tatilek	1/0p	c145	6.400 ✓	R2239	600 ✓
					R2127	1.150 ✓
					R2126	135 ✓
					R2124	1.175 ✓
					R2154	2.540 ✓
					R2065	800 ✓

Sitkagr.	Kenai area	1/Op	c173	3000	R1028	1.860 ✓
				R3120	600 ✓	
				óm.	540 ✓	
Fjallat.	Skagway	2/4br	c051	1.000 ✓	R2153	1.000 ✓
Stafafura	31 kvæmi	frá Mögilsá		747 ✓	R2210	747 ✓

39.593

#### 6.2. Gróðursetning Skarfanesi:

Alaskalerki	Fairbanks	1/3m	c012	325	R1509	325 ✓
				325		

#### 6.3. Gróðursetning Laugarvatni:

Sib.Lerk.	Altai	2/1m	c057-4	1.400 ✓	Lindarsk.
				1.400	

#### 6.4. Gróðursetning Haukadal:

Gróðursetning hófst upp úr miðjum júni og stóð fram yfir mánaðarmót. Aftur var plantað 14 - 19 ágúst.

Blágreni	Rio Grande	2/0p	c118	1.980	R6050	1900 ✓
Blágreni	Rio Grande	2/2m	c118	800	R6050	800 ✓
Blágreni	Rio Grande	1/3p.b	c118	3.180	R6050	1500 ✓
				R2130	1400 ✓	
				frák.	280 ✓	
Sitkagreni	Taraldsöy	1/2p.b	c142	10.406 ✓	R7042	800 ✓
				R7043	1250 ✓	
				R7044	4700 ✓	
				R6400	1650 ✓	
				frák.	456 ✓	
				sett.	1550 ✓	
Rauðgreni	Drefja	2/2m	c125	7.820	R6180	2430 ✓
				R3683	5390 ✓	
Sitkabast.	Tatilek	1/Op	c145	9.000	R6080	6050 ✓
				R2130	2300 ✓	
				frák.	650 ✓	
Siblerki	Altai	2/1m	c057	6.175	R6300	5150 ✓
Siblerki	Altai	2/1m	c057	16.600	R6300	14950 ✓
lerki	Austek	1/op	c177	8.100	R6080	1800 ✓
				R2200	3315 ✓	
				R2130	560 ✓	
				dautt	2425 ✓	
Stafafura	Wedelsborg	1/Op	c964	4.900	R2130	390 ✓
				dautt	4510 ✓	

68.881

Alls gróðursett á suðurlandi 1987 110.359 plöntur.

Kostnaður alls pr.plöntu (matarfél innif.) kr 3.54 pr.pl.

## 6. S. Lúpina.

Haukadalur: Ungliðar frá Rauðakrossi Islands komu og stungu upp nokkurt magn af lúpínuhnauðum og gróðursettu í landgræðslugirðinguna í austurhlíðum Sandfells undir stjórn Andrésar Arnalds.

Bjórsárdalur: Unglingar úr vinnuflokki Landsvirkjunar í Búrfelli aðstoðuðu okkar flokk við söfnun lúpinufræs á Vikrunum í Bjórsárdal. Fræbelgirnir voru síðan þrosktir á Sámstöðum í Fljótshlíð. Fraið reyndist lélegt. Sennilegar ástaður: Fraið vantaði eftirþroskun, fór í þurkun full snemma. Hefði þurft að liggja á gólfí við litinn hita í hálfan mánuð.

## 7. Hirðing plantha.

### 7.1. Hreinsun teinungs og frásögun.

I þjórsárdal var sagað frá reitum: 2046, 2048, 2052, 2053, 2054, 2060, 2136, 2149, 2140, 2145, 2150.

Ekkert var sagað frá í Haukadal né öðrum stöðum.

### 7.2. Áburðargjöf.

7.2.1. Þjórsárdalur: Handborið var á reitina: 2034, 2040, 2046, 2048, 2060, 2140, 2145.  
Flugið var á reitina: 2036, 2037, 2038, 2040, 1932, 1937neðst, 2120, 2121, 2122, 2123, 2124, allt í Hvammsárdal, svo og á 2290 furureit efst á seljatungum frá 1971. Þar hefur furan átt heldur erfitt uppdráttar, sökum þurka og næðings.

7.2.2. Haukadalur: Handborið á reitina 6042, 6045, 6061, 6170, 2140 lerkí (hluti), 2200 lerkí (hluti) alls 400 kg.

Flugið var 6,4 tonnum áburðar á eftirtalda reiti í hiðinni austan Svartagils og austur fyrir Laugarveg 7: 2041, 2043, 2062, 2071, 2081, 2101, 2110 - 2126, 6078, 6079. Nokkuð varð áburðargjöfin röndótt eftir flugið og þarf að bæta um betur næsta ár.

7.2.3. Laugarvatn: Borið á rauðgrenireit ofan tjaldmiðstöðvar alls 200 kg. G 4.

### 7.3. Illgreisiseyðing/ úðun.

I Haukadal var nú úðað stærra svæði með Round Up en nokkrum sinni fyrr. Alls var úðaður teinungur á 6,0 ha. á eftirtöldum stöðum.

dagsetn.	reitur nr.	ha.
----------	------------	-----

4-5 Águst.	6171	0,2
4-5 -	2108	0,3
4-5 -	6075	0,7
10 -	2113-2120	0,5
12 -	6078	0,3
14 -	6079	3,5
14 og 15 Ág.	2124	0,5

samt. 6,0 ha.

Að auki var endurtekin úðun í 6173. Þar hafði verið úðað á 0,3 ha. meðfram veginum árið 1986 og var nú úðað á runna sem urðu útundan þá.

Arangur úðunar 1986 var annars mjög góður og virðist úðunin auk þess að grepa gróðurinn virka eins og áburðargjöf á greniplönturnar.

### 3. Vélar og verkfári.

3.1. x2395. gekk árið út án stórfelldra bilana en var afar smákillasamur og oft á verkstæði. Ákveðið var snemma árs að reyna að nota bilinn út árið, en jaframt að fá annan bíl snemma árs 1988.

3.2. X6476. Mitsubishi sendibíll. Í lagi. Litið viðhald. Ólíð er að aka þessum bíl 75.000 km.

3.3. M 2897. Toyota Landcruiser. Fékk stóryfirhalingu á vor-dögum. Var hækkaður upp- nýjar fjaðrir að aftan. Vökvastyri sett í bilinn. Nýir demparar. Seinni hluta sumars brotnaði stimpill i vél og var sá endurnýaður.

3.4. Dráttarvélar. Litlar bilanir. Ný dráttarvél keypt fyrir Mosfeli. Deutch 4.70 '93 hestöfl. Hann að nota fyrir herfi plóga og þyngri jarðvinnslutæki.

3.5. Jarðytan. Vann við brautarlagningar í Þjórsárdal í 3 vikur um vorið. Var hún síðan flutt upp í Haukadal og notuð við vegagerð um tíma. Rutt var fyrir vægi meðfram Laugá að sunnanverðu ca 1,5 km. svo og ca 1 km við Strytishól. Vegur var einnig ruddur upp frá gryfjunni í Kolabrekum sem síðan greinist til vesturs og nær að efri-Skerhól ca 300 m. og til austurs efst í skóginum yfir Kjaftagil og niður á Hliðarveginn austan Kjaftagilja ca. 1,2 km.

Dá var ytan notuð til herfingar lands undir gróðursetningu og tvær spildur teknað fyrir: a) landið "Milli gilja" 7 ha, og stykki ofan Strytishóls ca 3 ha. sem atlað er undir lerki (R6301).

Dá var plægt ofurlítið á Sauðholtstungu en hún er hvergi nærri fullunninn ennþá.

I ágúst kom í ljós að nokkuð hafði kvarnast úr tannhjólum í drifi ytunnar og því ákveðið að nota hana ekki meira fyrr en þetta hefði verið lagað. Ekki voru til fjármunir til verkssins á árinu og vélin því ekki notuð meira. Aðtlaður kostnaður vegna hins alnauðsynlegasta sem gera þarf við í jarðytunni hljóðar upp á kr 650.000.

3.6. Smáverkfári: Keypt var ein kjarrsög á árinu jónsreeds 65. Viðhald saganna er alltaf talsvert og varahlutakaup því allmikil.

## 7. Byggingar.

9.1. Viðhald. Haukadalshúsið; malað að utan, rennur lagaðar. Eldhús á hjólum; þak og gluggar malaðir. Skúrinn Lóþrall í Þjórsárdal; þak, gluggar og hurð malað.

9.1. Nývirki. Starfsmannahús í Þjórsárdal; Helgi Garðarsson byrjaði eftir þáská að setja upp millivéaggi og að ganga frá húsinu að innan og lauk því verki um miðjan júlí. Sigvaldi Ásgeirsson og Bergur Björnsson voru með honum í þessu mest allan tíman. Einnig kom Arni Eiríksson við sögu því hann lagði vatnslagnir allar. - Húsið er nú að mesta fullklárað, en ennþá vantar þó nokkra vaska, skápa og fleyra smálegt.

A haustmánuðum var sett torf á flatir við húsið, gengið frá þeð undir skjólbelti og rotþró hulin og snyrt. Eftir er að leggja stéttar kringum húsið.

## 10. Ymislegt.

10.1. Feraðlög: Skógarvörður kom í flest skóglendi umdæmisins til eftirlits og verkstjórnar. Sat fund Sógræktarfélags Íslands í Stykkishólmi í byrjun september.

10.2. 8.ágúst komu í Haukadal 40 manns á vegum N.S.U. Fyrir þeim fóru Sig. Bl., Snorri Sig, Hulda Valtys.

10.3. Ekki var hugsað um að rukka tjaldgjöld í Þjórsárdal, en rusl hirt einu sinni í viku af tjaldsvæðunum. Umferð minni en oft áður, en talsverð umferð á tjaldsvæðinu hjá Birni á Skriðufelli.

I bórmörk sáu férðafélögini um férðafólkið eins og undanfarin 2 ár.

10.3. Fyrsta desember 1987 var undirritaður samningur um jörðina Mosfell i Grimsnesi milli Dóms og Kirkjumálaráðherra og Skógræktarinnar um leigu á 662 ha. lands úr landi jarðarinnar. Fyrri á árinu hafði jörðin Skálholt í Biskupstungum veið boðin fram af biskupi til skógræktar. Kirkjuráð, æðsta stofnun kirkjunnar hafnaði þó þessum hugmyndum. Þegar Skálholt var út úr myndinni var farið að huga að Mosfelli sem áður hafði verið inni í myndinni sem vánleg jörð fyrir skógrækt. Hugmyndin með að fá jörð til skógræktar niðri á flatlendinu er sú að þar sé hægt að nota fullkomnustu takni sem völ er á á hverjum tíma við ræktunina. Einnig það að vera á skóglausu landi og gera tilraunir með jarðvinnslu hlýtur að gefa okkur dýrmata reynslu sem aðrir er úti skógrækt atla að fara geta notað sér.

Við hófumst handa við jarðvinnslu á Mosfelli fljótlega eftir að samningurinn var undirritaður. Búið var þá að festa kaup á

dráttarvél af gerðinni Deutch 4.70, og hún notuð til að draga diskaherfi (plógherfi) í eigu ræktunarsambandsins Ketilbjarnar. Voru unmir 20 ha. í n-au horni landsins og aðrir 20 sunnar. Einnig var prufað jarðvinnslutæki sem fengið var að láni á Vöglum svokallað "kulla" sem er flekkari og reyndist hún heldur seinvirk, en er ekki fullreynd. Jarðvinnsla á þessum tíma árs er afar sjaldgæf og mikil heppni að geta lokið þessu áður en fór að frjósa um jólf.

Afköst dráttarvélar með plógherfi synist mér að séu ca 2 ha á dag. Um afköst Kullunnar er of snemt að segja nokkuð um.

10.4. Allmannit má segja að árið hafi verið all hagstatt. Peningaleysi hrjáði okkur þó mjög. Haukadalur var lagður undir D 81 í Ársbyrjun en engir fjármunir fylgdu honum. Voru því báðar stöðvarnar Haukadalur og Þjórsárdalur reknar á fjármunum einnar stöðvar. Var því teknat það ráð til að spara fé að vera aðeins með 1 vinnuflókk sem fluttur var á milli. Hefur það viða ókosti í fór með sér að burfa að loka annarri stöðinni vikum saman.

10.5. Heimatekjur á árinu urðu talsvert minni en áætlað var. Útihátið HSK í Þjórsárdal gufaði upp sökum þess að aðeins 17 hátfíðargestir mættu til leiks og brugðust þar 380.000 kr. Einnig hafði verið reiknað með leigja jarðytuna út til Mosfells en sökum seiningangs við samningagerð um Mosfell, varð ekkert af því að unnið yrði þar þetta sumarið. Reiknað hafði verið með að fá inn af Mosfellinu kr 384.000. Alls urðu tekjur 764.000 kr minni en áætlað hafði verið.

Sel fóssi 8. febrúar 1988.



Böðvar Guðmundsson.

1. desember 1987.

**Fréttatilkynning**  
frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Skógrækt ríkisins.

**Dóms- og kirkjumálaráðherra leigir Skógrækt ríkisins land á Mosfelli til ræktunar nytjaskógar.**

I dag 1. desember 1987 var undirritaður leigusamningur milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins annars vegar og Skógræktar ríkisins hins vegar um leigu á 662 ha landi úr prestssetursjörðinni Mosfelli í Grímsnesi til ræktunar nytjaskógar.

Samninginn undirrituðu Jón Sigurðsson dóms- og kirkjumálaráðherra og Sigurður Blöndal skógræktarstjóri.

Leigutaka ber að haga ræktun nytjaskógarins á leigu-landinu þannig, að hluti landsins nýtist ávallt almenningi til útivistar.

Umrætt land er leigt til 115 ára og i þeim tilgangi að rækta á því nytjaskóg. Leigutíminn er svo langur vegna þess, að áætlaður vaxtatími skógarins er 100 ár, en 15 ár taki að gróðursetja skógin á umræddu landi. Að þessum tíma liðnum ætti að vera búið að höggva allan skógin. Leiga fyrir landið er 100 þús. kr. á ári miðað við nágildandi verðlag.

Áætlun þessi var lögð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis í nóvember 1986 og miðaðist þá við, að árlegur kostnaður yrði 4,25 millj. kr. Alþingi samþykkti áætlunina og veitti til hennar kr. 2.461 þús. 1987, en loforð fengið frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins fyrir sömu upphæð á móti.

I greinargerð áætlunarinnar, sem lögð var fyrir Alþingi 1986, segir m.a.:

"Áætlunin gerir ráð fyrir að gróðursetja 2,4 millj. plantna í 600 ha lands á 15 árum.

Kveikjan að því, að þessi áætlun er sett fram, er sá kafli í skýrslu framtíðarkönnunarnefndar forsætisráðherra, sem fjallar um skógrækt.

Hugmyndin er að sýna myndarlegt dæmi um þá skógrækt, sem þarna er verið að kynna í því héraði landsins, sem talið er best henta.

Valið er land, sem er greiðfært og vel fallið til eins mikillar vélavinnu og kostur er að beita. Þó er ekki reiknað með nema tiltölulega litlum vélakosti.

Ekki er gert ráð fyrir að reisa þurfi hús, en notast megi við hús, sem fyrir hendi eru á jörðinni með ofur-litlum endurbótum.

Gert er ráð fyrir að gróðusetja aðeins 3-4 trjáteg-undir. Markmiðið er ræktun skógar til viðarframleiðslu.

Reiknaður er allur stofnkostnaður og rekstrarkostnaður, sem lagt er í á tímabilinu og síðan deilt í þá upphæð með árafjöldanum. Kemur þá út árlegur kostnaður um 4,25 millj. króna."

**YFIRLIT YFIR FRAMKVÆMDIR VID HÚS SKOGREKTAR RÍKISINS**

**I ÞJÓRSÁDAL.**

**FRAMKVÆMDIR 1986:**

Hönnunarkostnaður.....kr:	62.650.-
Stjórnun og eftirlit.....kr:	98.143.-
Ýmsir verktakar.....kr:	343.837.-
Keypt efni.....kr:	845.755.-
Innborgað til I.R.....kr:	1.984.000.-
Samtals.....kr:	1.350.385.- 1.984.000.-
Viðskiptastaða 31.12.1986..kr:	633.615.-
Samtals.....kr:	1.984.000.- 1.984.000.-

**FRAMKVÆMDIR 1987:**

Viðskiptastaða 31.12.1986..kr:	633.615.-
Stjórnun og eftirlit.....kr:	122.700.-
Laus búnaður.....kr:	413.559.-
Ýmsir verktakar.....kr:	676.842.-
Keypt efni.....kr:	856.838.-
Innborgað til I.R.....kr:	1.500.000.-
Viðskiptastaða 31.12.1987..kr:	2.069.939.- 2.133.615.-
	63.676.-
Samtals.....kr:	2.133.615.- 2.133.615.-